

## REGLUGERÐ

### um breytingu á hafnarreglugerð nr. 290/2005 fyrir Þorlákshöfn.

#### 1. gr.

6. gr. orðast svo með fyrirsögn:

#### *Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.*

Skip sem er lengra en 60 metrar (mesta lengd) og skip sem flytja hættulegan varning, eins og hann er skilgreindur í kóða Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO: *International Maritime Dangerous Goods Code*, sem Ísland er aðili að, skulu taka hafnsögumann um borð við siglingu inn í, út úr, eða um höfnina í Þorlákshöfn.

Sérhvert skip, sem ætlar að leita hafnar til Þorlákshafnar og óskar eftir hafnsögu, skal gera boð um það til hafnsögumanns með minnst 3 klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 1 sjómílu frá Hafnarnesi á venjulegri siglingaleið, ef skipstjóri æskir þess. Vísar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Hafnarstjóra er heimilt að veita skipstjóra skips, sem skylt er að lúta hafnsögu skv. þessari grein, undanþágu frá því að taka hafnsögumann um borð. Skilyrði fyrir veitingu undanþágu er mat hafnarstjóra á hæfni skipstjóra til siglinga um hafnarsvæði Þorlákshafnar.

Hafi skipstjóri ekki gegnt skipstjórnarstörfum í 2 ár fellur undanþágan niður.

Synjun hafnarstjóra á undanþágu getur umsækjandi borið undir hafnarstjórn.

Undanþágan skuldbindur viðkomandi skipstjóra til að hafa talstöðvarsamband við hafnsögumann og hlíta í einu og öllu fyrir mælum hans, ella má svipta hann undanþágunni fyrirvaralaust.

Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá hafnsöguskyldu ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Stjórnbúnaður skips skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykktta, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglur Siglingastofnunar Íslands.

Skipstjórnarmenn skulu sýna hafnsögumanni, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

Heimilt er að veita þeim er áður hafa gegnt hafnsögustörfum í Þorlákshöfn hafnsöguréttindi. Starfsmenn hafnarinnar veita dráttarbátastöð, sjá um bindingu skipa, vatnsafgreiðslu og tengingu rafmagns. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni. Dráttarbátur hafnarinnar er í þjónustu og á ábyrgð þess skips, er hann aðstoðar, frá því hann tekur taug, eða fyrir mælum stjórnanda skipsins, er aðstoðar nýtur, og þar til taug er sleppt eða fyrir mæli gefin um að aðstoð sé lokið. Hafnsögumaður skal vera í skipi, er það nýtur aðstoðar dráttarbáts.

#### 2. gr.

#### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og 17. gr. laga nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Innanríkisráðuneytinu, 11. apríl 2014.*

**Hanna Birna Kristjánsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Hjaltadóttir.*